



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1635

komudagur 26. 4. 2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. apríl 2005

Efni: frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda, 696. mál
Tilv: 2005040020


Vísað er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar dags. 18. apríl sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér tvær megin breytingar á lögnum. Annars vegar er opnað fyrir möguleika á aldurstengingu réttindasöfnunar með þeirri breytingu, sem 1. grein kveður á um, en hins vegar er eru skapaðar heimildir til að hækka bæði iðgjöld og mótframlög til sjóðsins. Í báðum tilvikum þarf breytingar á samþykktum sjóðsins til að nýta þessar lagaheimildir.

Lagabreytingarnar, sem hér um ræðir, eru lagðar til af brýnni nauðsyn til að bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs bænda. Samkvæmt nýlegri tryggingarfræðilegri úttekt á sjóðnum, vantar u.þ.b. 22% upp á eignir, til að hann eigi fyrir framtíðarskuldbindingum. Rökstuðningur fyrir breytingunum kemur ágætlega fram í athugasemdum við frumvarpið.

Bændasamtök Íslands mæla með því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson